



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ráðstafanir vegna barna sem hafði verið boðin leikskólavistun

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 14. júní 2022, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvort búið sé að gera ráðstafanir fyrir þau börn sem boðin hafði verið innganga í leikskóla sem reyndist ekki vera til og áttu að hefja leikskólanám í janúar eða fyrir hálfu ári síðan.

Svar:

90 börn fengu boð um leikskóladvöl í Ævintýraborgum við Eggertsgötu og á Nauthólsvegi í nóvember 2021. Gert var ráð fyrir að leikskólarnir myndu opna í janúar 2022 við Eggertsgötu og febrúar 2022 á Nauthólsvegi. Vegna seinkunar á framkvæmdum opnaði Ævintýraborg við Eggertsgötu í mars 2022 og gert er ráð fyrir að húsnæði Ævintýraborgar við Nauthólsveg verði tilbúið í júlí 2022.

Þessi 90 börn hafa fengið boð um leikskólapláss og hafa öll átt kost á því að byrja í Ævintýraborgum við Eggertsgötu.